

18 Um gerð, er kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, skal fara eftir
22. marz 2. málsgr. 2. gr. laga þessara, nema hún hafi verið lögð til dóms fyrir 1. júní 1949.

Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

19

22. marz

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr
Öskjuholtslandi í Landsveit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja landræmu, utan sandgræðslugirðingar, úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

20

22. marz

L Ö G

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við umreikning á tekjum og ákvörðun skatta af þeim samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skal miðað við vísitölu 315, á meðan lög þessi eru í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.